

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. apríl 2019

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um dýrasjúkdóma o.fl. (innflutningur búfjárafurða), 766. mál.

Í frumvarpinu er kveðið á um afnám núverandi leyfisveitingakerfis vegna innflutnings á ákveðnum landbúnaðarvörum innan evrópska efnahagssvæðisins. Frumvarpið má rekja til niðurstaðna Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins um að núgildandi innflutningstakmarkanir væru andstæðar EES-samningnum. Samhliða frumvarpinu hefur ráðuneytið kynnt sérstaka aðgerðaráætlun í tólf liðum til að bregðast við áhrifum lagabreytinganna. Markmið með aðgerðunum er að stjórnvöld standi við alþjóðlegar skuldbindingar en tryggi á sama tíma öryggi matvæla og vernd búfjárstofna, og jafnframt bæti lýðheilsu og samkeppnisstöðu innlendarar matvælaframleiðslu.

Að höfðu samráði við sérfræðinga leggja samtökin sérstaka áherslu á eftirfarandi ráðstafanir:

1. Neytendasamtökin leggja ríka áherslu að áður en að gildistöku laganna kemur, verði þær mótvægisáðgerðir sem tilgreindar eru í frumvarpinu komnar til framkvæmda og þær jafnframt fjármagnaðar að fullu.
2. Neytendasamtökin gera þá kröfu að innflutningur á ferskvöru efli samkeppnisumhverfið og sú samkeppni skili sér í fjölbreyttara úrvali og lægra matvöruverði líkt og hagsmunaaðilar hafa gefið út.
3. Jafnframt gera Neytendasamtökin þá kröfu að fyllsta öryggis sé gætt þannig að hætta á smitsjúkdómum og lyfjaónæmi sé raunverulega haldið í lágmarki. Því fagna Neytendasamtökin aðgerðaráætlun í tengslum við frumvarpið um varnir gegn kampýlóbakter og leggur mikla áherslu á að stjórnvöld tryggi fjármagn til sjálfstæðs eftirlits og rannsókna. Það er sjálfögð krafa neytenda að geta valið mat sem framleiddur er á sem heilnæmastan hátt.

4. Neytendasamtökin benda á að ein helsta ógn við matvælaöryggi á Íslandi, sér í lagi með tilliti til fjölonæmra baktería, er skortur á fullnægjandi salernisaðstöðu og frárennismálum á vinsælum ferðamannastöðum. Viða er þannig búið um hnúta hér á landi að hætta er á að búfénaður komist í snertingu við mengaðan jarðveg. Þá þarf einnig að fræða erlenda ferðamenn um skaðsemi þess að koma með dýraafurðir til landsins og auka eftirlit við flugvelli og hafnir landsins.
5. Það er skýlaus krafa að neytendur hafi upplýsingar um uppruna þeirra matvæla sem þeir neyta. Sú krafa á ekki einungis að ná til merkinga vara verslana, heldur einnig til matseðla veitingahúsa og mótuneyta. Neytendasamtökin hvetja stjórnvöld enn fremur til að tryggja aukna fræðslu og upplýsingagjöf til neytenda.

Að því gefnu að gripið verði til allra liða í aðgerðaráætluninni og þær fullfjármagnaðar, eru Neytendasamtökin ekki mótfallin framkomnu frumvarpi.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður